

Nefndarsvið Alþingis  
Skrifstofu Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Kópavogi, 21. nóvember 2012

**Efni: Athugasemdir Samtaka selabænda við frumvarp til laga,  
þingskjal nr. 46, 141 löggjafarþing 2012-2013.**

Selalátur eru hluti jarða sem þau tilheyra, það er því ófrávikjanleg krafa Samtaka Selabænda að lög um sel séu áfram undir landbúnaðarhluta Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyts.

Selir eiga ekkert erindi í lögum nr. 64/1994. Selurinn er nytjastofn og skapar gjaldeyristekjur þó það sé nú orðið minna en var, áður en herferð öfganáttúrverndarsinna hófst, með óskaplegum afleiðingum fyrir þjóðir Norðurskautsins. Og í kjölfar þeirra herferð Hringormanefndar. Setja má sér lög um sel, ef þörf er. Þar í mætti gjarna vera, að til veiða á sel þurfi hlunnindakort, því selur sem veiddur er til nytja er veiddur við látur. Einnig mundi þá vera hægt að einhverju marki, koma í veg fyrir þær aðferðir sem eru ámælisverðar. Þar er átt við þá sem eru að skjóta sel sér til gamans og nytja hann ekkert. Einnig þarf að koma í veg fyrir að aðgerðir sem líkjast herferð Hringormanefndar á sínum tíma, sem eyðilögðu mörg selalátur og fækkuðu í stofninum um u.þ.b. helming. Einnig þarf að huga að grásleppunetum, en þau hafa nánast klárað stofninn á vissum svæðum. Hefðbundanar veiðar með netum hafa verið stundaðar í árhundruð og ekki valdið neinum truflunum í stofninum. Skotveiðar á sel eru algerlega fráleitir. Þar sem skotið er við látur hverfur selurinn frá í mörg ár, en netaveiðar virðast ekki trufla stofninn neitt.

Áður voru selskinn í háu verði og eru nú ef miðað er við dilk í svipuðu verði og þegar verðið hefur verið hæst. Nú mundi meðal ársveiði eins og hun var fram til 1975 gefa u.þ.b. 55.000.000,- til 65.000.000,- gjaldeyristekjur.

Með öðrum orðum, selur á ekkert erindi inn í villidýralögin svokölluðu. Þetta er nytjastofn í sjó sem um gilda allt aðrar forsendur. Ekki er þar með sagt að ekki skuli gæta fyllstu nærgætni við veiðar. Selalátur eru friðuð samkvæmt Jónsbók sem tók við af Járnsíðu 1281 og tilskipun um veiði frá 20 júní 1849 og jafnvel víðar. Einnig má benda á að hálf sjómíla er 925 mtrar. (9. gr. Veiðitilskipunar 20. Júní 1849) Veiðar á farselum eru ekki stundaðar, en þó munu koma stöku vöðuselir í fiskinet sem meðafli.

Fyrir hönd stjórnar Samtaka selabænda

Pétur Guðmundsson Ófeigsfirði